



Hvernig óska ég eftir samþættri þjónustu?

Bæði börn og foreldrar/forráðamenn geta óskað eftir samþættingu. Hægt er að sækja um samþættingu frá 0 – 18 ára aldri í ung- og smábarnaeftirliti, í leik- og grunnskóla barns eða að hafa samband við skóla- og velferðarþjónustu Ölfuss, velferd@olfus.is



Nánari upplýsingar og eyðublöð má finna á heimasíðu Ölfuss

[olfus.is/Þjónustan /Farsæld barna í Ölfusi](http://olfus.is/Þjónustan/Farsæld_barna_í_Ölfusi) eða



Hafðu samband og við veitum nánari upplýsingar

Jóhanna M. Hjartardóttir
sviðsstjóri fjölskyldu og fræðslusviðs
jmh@olfus.is

Starfsfólk velferðarþjónustu Ölfuss
velferd@olfus.is

FJÖLSKYLDU- OG
FRÆÐSLUSVIÐ



Farsæld barna í Ölfusi



SAMÞÆTTING
ÞJÓNUSTU



Farsældarlögin

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum.



Hlutverk tengiliðar er að...

- veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
- skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
- taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.



Tengiliður er einstaklingur í nærumhverfi barnsins.

Sjá upplýsingar:
[olfus.is/Þjónustan/Farsæld barna í Ölfusi](http://olfus.is/Þjónustan/Farsæld_barna_í_Ölfusi)



Hvað er samþætt þjónusta?

Samþætt þjónusta er skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.




Stigskipting þjónustu

Þjónusta fyrir börn er veitt á þremur þjónustustigum. Gott er að hafa í huga að sú þjónusta sem barnið fær er stigskipt en ekki mál barnsins sem slíkt. Þannig geta börn fengið þjónustu á fleiri en einu þjónustustigi.



Tengiliðir farsældar í Ölfusi

Tengiliður er aðgengi- legur öllum börnum og foreldrum á heilsu- gæslunni, í leik- og grunnskóla og hjá velferðarþjónustu Ölfuss. Tengiliður aðstoðar við að sækja þjónustu við hæfi. Þannig geta foreldrar og börn leitað til eins aðila sem hefur yfirsýn yfir allt þjónustukerfið.



Þjónustan er veitt á þremur þjónustustigum:

- 1. stig** er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
- 2. stig** er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
- 3. stig** er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum